



56. fundur.

11. júní 2014 kl 10:00 -12:00

Fundarstaður: Kjarni

Fundarmenn:

Ásvaldur Ævar Þormóðsson, form.

Árni Pétur Hilmarsson

Hörður Þór Benónýsson

Þórunn Jónsdóttir

Guðrún Tryggvadóttir

Starfsmenn:

Bjarni Reykjalín, skipulags- og byggingarfulltrúi

(fundarritari)

Dagskrá:

1. *Kárhóll. Breyting á aðalskipulagi og tillaga að deiliskipulagi .*
2. *Laxarlína 1. Umsókn um framkvæmdaleyfi vegna breyttrar legu.*
3. *Efnistökusvæði á Fljótsheiði. Umsókn um framkvæmdaleyfi*
4. *Sandur 2. Umsókn um byggingarleyfi fyrir frístundahús.*

1. Kárhóll í Reykjadal. Breyting á aðalskipulagi og tillaga að deiliskipulagi.
S20140202

Tekið fyrir að nýju erindi dags. 14. febrúar 2014 frá Halldóri Jóhannssyni fyrir hönd Teikn á lofti ehf og Aurora Observatory þar sem óskað er eftir því að Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022 verði breytt þannig að gert verði ráð fyrir staðsetningu rannsóknarstöðvar á jörðinni Kárhóli.

Sveitarstjórn staðfesti afgreiðslu skipulags- og umhverfisnefnd frá 27. mars á fundi sínum 10 apríl s.l. þar sem hún samþykki að gerðar verði breytingar á Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022 í þá veru að skilgreint verði nýtt þjónustusvæði í landi Kárhóls og að Teikn á lofti ehf yrði heimilað að vinna deiliskipulag af væntanlegri rannsóknarstöð og aðstöðu henni

tengdri á kostnað Aurora Observatory eins og 2. mgr. 38. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 kveður á um.

Lýsing vegna breytinga á aðalskiplagi var kynnt eins og 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 kveður á um, en engar athugasemdir eða ábendingar bárust.

Lagt fram breytingarblað dags. 10. júní 2014 frá Hornsteinum vegna fyrirhugaðrar aðalskipulagsbreytingar.

Skipulags- og umhverfisnefnd samþykkir fyrir sitt leyti umrædda breytingu á aðalskiplagi og leggur til við sveitarstjórn að hún feli skipulags- og byggingarfulltrúa að kynna tillöguna, og forsendur hennar fyrir íbúum sveitarfélagsins, sveitarstjórnnum aðliggjandi sveitarfélaga og öðrum hagsmunaaðilum eins og 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 kveður á um áður en hún verður tekin til afgreiðslu í sveitarstjórn.

2. Laxárlína 1. Umsókn um framkvæmdaleyfi, vegna breyttrar legu. S20140601.

Erindi dags. 14. maí 2014 frá Þórarni Bjarnasyni, verkefnisstjóra f.h. Landsnets, þar sem sótt er um framkvæmdaleyfi skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og reglugerð nr. 772/2012 til lagningar jarðstrengs og til að rífa loftlínu frá stæðu 329 að 333 á 66 kV Laxárlínu í Fnjóskadal.

Í tengslum við gerð Vaðlaheiðarganga og lagningu nýs hringvegar í Fnjóskadal áformar Landsnet að fjarlægja loftlínuna á tæplega 400 m kafla við Illugastaðaveg. Lagður verður jarðstrengur frá staurastæðu nr. 329 (næsta stæða vestan Fnjóskár) að stæðu 333 og tekur lega hans tillit til hönnunar nýs hringvegar, enda mun strengurinn liggja undir fyrirhuguðum vegi. Strengurinn verður grafinn alla leið en ekki er reiknað með að leggja slóð meðfram honum. Strengleiðin liggur að mestu leyti um gróið land og gengið verður svæðinu eins vel og kostur í samræmi við áherslur Landsnets í umhverfismálum

Með umsókn fylgir yfirlitsmynd/loftmynd sem sýnir fyrirhugað framkvæmdasvæði.

Skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að umsókn um framkvæmdaleyfi verði samþykkt og að skipulags- og byggingarfulltrúa verði falið að gefa út framkvæmdaleyfið eins og 13.-16. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 mæla fyrir um.

3. Efnistökusvæði E-41á Fljótsheiði. Umsókn um framkvæmdaleyfi. S20140201

Erindi dags 19. maí frá Guðmundi Heiðrekssyni deildarstjóra Tæknideildar á Norðursvæði f.h. Vegagerðarinnar þar sem sótt er um framkvæmdaleyfi til efnistöku úr námu sem skilgreind er í Aðalskiplagi Þingeyjarsveitar 2010-2022 sem E-41á Fljótsheiði. Um er að ræða 49.000 m³ af á 9.000 m² landsvæði. Efnistakan er fyrirhuguð vegna endurbóta á Hringvegi í Reykjadal, frá Laugum að Reykjadalsá á árunum 2014-2016. Sótt er um framkvæmdaleyfið skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og reglugerð nr. 772/2012. Í umsókn koma fram upplýsingar um framkvæmdatíma og áfangaskiptingu ásamt

framkvæmdalýsingu og upplýsingum um frágang námunnar að framkvæmdatíma loknum. Með umsókn fylgir einnig yfirlitsmynd/loftmynd af framkvæmdasvæðinu.

Skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að umsókn um framkvæmdaleyfi verði samþykkt og að skipulags- og byggingarfulltrúa verði falið að gefa út framkvæmdaleyfið eins og 13.-16. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 mæla fyrir um.

4. Sandur 2. Umsókn um byggingarleyfi fyrir frístundahús.

S20140401

Erindi dags 10. júní 2014 Knúti Emil Jónassyni f.h. Hlaðgerðar Bjartmarsdóttur þar sem sótt er um leyfi til að flytja „Kaffihúsið Skuld“ sem áður stóð að Hafnarstétt 11, Húsavík á frístundalóð í hennar eigu í landi Sands 2 í Aðaldal. Húsið sem er byggt 1920 og endurbyggt 2005 er 36 m² að stærð. Meðfylgjandi umsókn eru bygginganefndarteikningar unnar af Knúti Emil Jónassyni.

Skipulags- og umhverfisnefnd gerir ekki athugasemdir við flutninginn á þessu stigi, en felur skipulags- og byggingarfulltrúa að grenndarkynna fyrir nágrönnum fyrirhugaða framkvæmd eins og 44. gr. skipulagslag nr. 123/2010 mælir fyrir um, þar sem ekkert deiliskipulag liggur fyrir af svæðinu.

Fundi slitið.